

Alþingi
Erindi nr. P 136/917
komudagur 23. 2. 2009

Til Nefndasviðs Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 23. febrúar 2009

Efni: Umsögn Orðanefndar rafmagnsverkfræðinga um Tillögu til þingsályktunar um íslenska málstefnu, þskj. 248 - 198. mál

Orðanefnd rafmagnsverkfræðinga (ORVFÍ) þakkar Menntamálanefnd Alþingis fyrir að fá til umsagnar tillögu til þingsályktunar um íslenska málstefnu, 198. mál.

Þrátt fyrir ítarlega umfjöllun í fylgiskjalinu um þá 11 kafla sem eiga að mynda málstefnuna, er hún sett upp á þann hátt sem gerir hana erfiða yfirlestrar.

Nefndin lýsir yfir stuðningi við meginmarkmið tillagna Íslenskrar málnefndar að stuðla að því að íslenska verði notuð á öllum sviðum íslensks samfélags. ORVFÍ leggur áherslu á að varðveita íslenska tungu og efla hana með því að auðga orðaforðann. ORVFÍ telur sig hafa lagt þar lóð á vogarskálarnar í 68 ára samfelldu starfi sínu með því að semja tillögur að iðorðum á sviði raftæknimála, sem birst hafa í 16 orðabókum nefndarinnar og hin síðustu ár í Orðabanka Íslenskrar málstöðvar og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. ORVFÍ tekur undir það sjónarmið, sem fram kemur í fylgiskjalinu með "Tillögu til þingsályktunar - Íslenska til alls", þar sem rætt er um lagalega stöðu íslenskrar tungu og nauðsyn þess að treysta hana í lögum og stjórnarskrá sem þjóðtungu Íslendinga og opinbert mál íslenska ríkisins.

Á Íslandi er löng hefð fyrir iðorðasmíð og orðanefndir starfa á vegum ýmissa fagfélaga. Reynslan hefur sýnt, að orðanefndir faghópa hafa margar starfað af miklum áhuga og elju undanfarna áratugi og nægir að benda á þau orðasöfn, sem birst hafa í Orðabanka Íslenskrar málstöðvar. Innan verkfræði og raunvísinda eru starfandi margar sjálfstæðar orðanefndir fyrir hinar ýmsu greinar, eins og rafmagnsfræði, byggingafræði, vélfræði, efnafræði, tölvunarfræði, eðlisfræði, stærðfræði o.fl. Auk þess hafa ýmis fagfélög haft og eru með starfandi orðanefndir.

ORVFÍ telur óheppilegt að stunduð sé samtímis iðorðasmíð á sama fagsviði innan margra háskóla og fyrirtækja landsins án þess að fylgst sé með því starfi og það samræmt af einum aðila, sennilega Íslenskri málnefnd eða Stofnun Árna Magnússonar.

ORVFÍ telur enn fremur að leggja beri áherslu á að hvetja sem flest fagfélög í atvinnu- og viðskiptalífi til að nota íslensk iðorð og nýyrði og stuðla þannig að útbreiðslu þeirra. Til

Þess ætti Íslensk málnefnd að ljá stuðning sinn með þeim hætti, sem bestan árangur gæfi. Því má ekki gleyma, að notkun íðorða og nýyrða á ekki að einskorðast við fræðasvið menntastofnana, heldur ber að hvetja til notkunar þeirra í samskiptum fagaðila og almennings og innan stétta í atvinnu- og viðskiptalífi.

Að áliti ORVFÍ ætti einn kafli málstefnunnar að fjalla um orðanefndir og íðorðasmíð, útgáfu orðabóka og aðgengi þeirra á netinu. Þar þyrfti jafnframt að fjalla um samvinnu þeirra við Íslenska málnefnd eða Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Orðanefnd RVFÍ fagnar því, ef tekin verður upp markviss kennsla í íðorðasmíð og málfarsráðgjöf fyrir orðanefndir og skipulegur stuðningur við þær, eins og fram kemur í áðurnefndu fylgiskjali.

F.h. Orðanefndar rafmagnsverkfræðinga



Bergur Jónsson
formaður